



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 19/2023

Þjóðfáni Íslendinga á umbúðum Stjórngríss hf.

I.

Málsmeðferð

1.

Með bréfi Neytendastofu til Stjórngríss hf., dags. 5. apríl 2023, var vísað til ábendingar sem hafði borist stofnuninni vegna notkunar félagsins á fánalitum á umbúðum fyrir Smass borgara, þrátt fyrir að upprunaland vörunnar væri Þýskaland. Í bréfi stofnunarinnar var vísað til 5. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, og tekið fram að ákvæðið leggi almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Þá vísaði stofnunin jafnframt til 1. mgr. 8. gr., b. liðar 1. mgr. og 2. mgr. 9. gr. sömu laga. Í bréfinu var sérstaklega vísað til b. liðar 1. mgr. 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2005/29, sem var innleidd á Íslandi sem b. liður 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, til að skýra betur inntak ákvæðisins.

Auk framangreinds vísaði stofnunin sérstaklega til 3.-5. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið, þar sem fjallað væri um heimild fyrirtækja til að nota hinn almenna þjóðfána, m.a. á umbúðir. Óskaði stofnunin eftir skýringum eða athugasemdum félagsins við erindið.

2.

Svar Stjórngríss barst stofnuninni með tölvupósti, mótt. 8. maí 2023. Í svari sínu gerði félagið fyrst grein fyrir því að félagið væri íslenskt félag sem greiddi skatta og sinnti sínum skyldum hér á landi.

Þá var til þess vísað að félaginu beri lögum samkvæmt ekki skylda til þess að geta uppruna kjöts sé það unnið hér, pakkað og merkt. Í tilviki félagsins sé varan unnin, pökkuð, merkt, dreift hér á landi og blandað 20% fersku íslensku nautakjöti og nautafitu. Sömuleiðis séu allar vörur þeirra, að Smass borgurum meðtöldum, merkt upprunalandi þrátt fyrir að engin skylda hvíli á félaginu til þess samkvæmt reglugerð um merkingu matvæla.



Fjöldamörg dæmi séu um það á markaði að hvorki framleiðandi né uppruni vöru sé getið á umbúðum. Stjórnugrís merki engu að síður allar vörur með upprunalandi, framleiðanda og jafnvel framleiðslubúi til upplýsinga fyrir neytendur. Félagið sé þannig m.ö.o. að ganga lengra varðandi merkingar til handa neytendum en þeim beri skylda til samkvæmt lagafyrirmælum.

Það sé sömuleiðis þannig á íslenskum markaði að í boði sé fjöldinn allur af innfluttum vörum, bæði unnar hér á landi og hingað komnar pakkaðar og merktar. Allur háttur sé á merkingum á neytendamarkaði svo ekki sé talað um veitingahúsa og mötuneytismarkaðinn. Spurði félagið hvort maður geri ráð fyrir því þegar maður fari á íslenskan veitingastað og/eða mötuneyti að hráefnið sé íslenskt eða hvort það gegni öðrum lögmálum í tengslum við „óréttmæta viðskiptahætti“ eða hvort það skipti neytendur vörunnar minna eða engu máli.

Hvað varði umbúðir á hamborgurum og þann lagaramma sem Neftendastofa bendir á telji félagið of langt seilst að verið sé að villa um fyrir neytendum um uppruna vörunnar og sé því ekki sammála að upprunaland sé merkt í smáu letri þar sem letrið sé t.a.m. stærra en letur sem notað er til að lýsa innihaldi vörunnar.

Það að það séu fánalitir neðst í vinstra horni vörunnar og með því haldið fram að innihaldið sé íslenskt þá sé það sjónarmið sem félagið taki alvarlega og hafi félagið því ákveðið að merkja yfir fánaröndina með þýskum fána til að forðast misskilning. Þetta ætti því að liggja nokkurn veginn ljóst fyrir að innihaldið sé ekki íslenskt nema að hluta.

Ekki þótti tilefni til frekari gagnaöflunar vegna málsins og lýsti stofnunin henni lokinni með bréfi til félagsins, dags. 1. júní 2023.

II.

Niðurstaða

1.

Mál þetta lýtur að notkun Stjórnugrís hf. á þjóðfána Íslendinga við markaðssetningu á Smass hamborgurum. Á umbúðum fyrir umrædda hamborgara var á neðra vinstra horni framhliðar umbúðanna að finna áberandi íslenska fánaliti þrátt fyrir að á miða á bakhlið umbúðanna mátti finna tilvísun til þess að upprunaland væri Þýskaland. Taldi stofnunin að slík misvísandi skilaboð kynni að vera fela í sér villandi upplýsingagjöf til neytenda sem kynni að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að versla með umrædda vöru auk þess sem til álita kæmi hvort fyrirtækinu væri heimilt að nota þjóðfána Íslendinga á umbúðum vörunnar. Á þeim grundvelli sendi stofnunin erindi til félagsins þar sem vísað var til 1. mgr. 8. gr. og b. liðar 1. mgr. og 2. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, ásamt 3. – 5. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1994.

Í svörum félagsins var m.a. tekið fram að sér væri ekki skylt að merkja upprunaland vörunnar og væri þ.a.l. að ganga lengra en lagaleg skylda kveði á um. Var því jafnframt mótmælt að



lettrið þar sem upprunaland væri tilgreint væri smátt og tekið fram að of langt sé seilst um að verið sé að villa um fyrir neytendum um uppruna vörunnar. Hvað fánalitina varði hafi félagið þó ákveðið að breyta umbúðum sínum með því að setja þýskan fána yfir íslensku fánaröndina.

2.

Í lögum nr. 57/2005 er fjallað um það hvaða viðskiptahætti skuli viðurkenna og hverja ekki. Lögin fela fyrst og fremst í sér vernd fjárhagslegra hagsmuna neytenda en einnig vernd fyrirtækja gegn óréttmætum viðskiptaháttum keppinauta vegna auglýsinga eða annarra svipaðra viðskiptaaðferða.

Í 5. gr. er lagt almennt bann við óréttmætum viðskiptaháttum, áður en, á meðan og eftir að viðskipti með vöru fer fram eða þjónusta er veitt. Hvað teljist til óréttmætra viðskiptahátta er nánar tilgreint í III. – V. kafla laganna.

Í 1. mgr. 8. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Viðskiptahættir eru óréttmætir ef þeir brjóta í bága við góða viðskiptahætti gagnvart neytendum og raska verulega eða eru líklegir til að raska verulega fjárhagslegri hegðun neytenda. Viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði kafla þessa eru alltaf óréttmætir.“

Ákvæðinu er, skv. umfjöllun í greinargerð með frumvarpi til laga nr. 50/2008, ætlað að taka til viðskiptahátta sem hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti. Við mat á því hvort um óréttmæta viðskiptahætti sé að ræða samkvæmt ákvæðinu er litið til þess hvort háttsemin geri það að verkum að hinn almenni neytandi taki ákvörðun um að eiga viðskipti sem hann hefði ella ekki tekið og raski þar með fjárhagslegum hagsmunum hans eða hafi áhrif á fjárhagslega hegðun.

Í 9. gr. er um það fjallað að viðskiptahættir teljist villandi ef þeir séu líklegir til að blekkja neytendur, t.d. með almennri framsetningu þó gefnar séu upp réttar staðreyndir, eða ef neytendum eru veittar rangar upplýsingar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Í a.–g. lið málgreinarinnar eru tilgreindar þær röngu upplýsingar sem átt er við. Í erindi Neytendastofu var vísað til b. liðar en þar segir að átt sé við rangar upplýsingar um:

„helstu einkenni vöru eða þjónustu, t.d. notkun, samsetningu eða árangur sem vænta má af notkun hennar [...]“

Um þýðingu framangreinds ákvæðis segir síðan um b. lið 1. mgr. 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2005/29, sem var innleidd á Íslandi sem framangreindur b. liður 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005, að ákvæðið eigi við um villandi eða rangar upplýsingar um:



„helstu einkenni vörunnar, t.d. hvort hún er tiltæk, ávinning af henni, áhættu, framkvæmd, samsetningu, fylgihluti, aðstoð við viðskiptavin og meðferð kvartana eftir sölu, framleiðsluáðferð og dagsetningu framleiðslu eða tilbúinnar vöru, afhendingu, hve vel varan þjónar tilgangi sínum, notkun, magn, gæðalýsingu, landfræðilegan eða viðskiptalegan uppruna eða þann árangur sem vænta má af notkun hennar eða niðurstöður og mikilvæg einkenni prófana eða athugana sem gerðar eru á vörunni [...]“

Ákvæðið felur ekki í sér skyldu til að tilgreina uppruna vöru en leggur bann við því að neytendum séu veittar villandi eða rangar upplýsingar um uppruna hennar.

Þá segir í 2. mgr. 9. gr. laganna:

„Viðskiptahættir eru villandi ef ekki er greint frá upplýsingum sem telja má að almennt skipti máli fyrir neytendur eða þeim er leynt og þær eru til þess fallnar að hafa áhrif á ákvörðun neytenda um að eiga viðskipti.“

Skv. ákvæðinu teljast viðskiptahættir villandi ef fyrirtæki leynir upplýsingum sem skipta máli 5 við ákvörðun um að eiga viðskipti eða þær eru veittar á óljósan eða margræðan hátt. Í greinargerð með ákvæðinu kemur fram að hafa megi þau atriði til hliðsjónar sem tilgreind eru í 1. mgr.

Í lögum nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldamerkið, er að finna ákvæði sem fjalla um heimild fyrirtækja til notkunar íslenska fánans í markaðssetningu. Í 3. mgr. 12. gr. laganna kemur fram að fyrirtækjum sé heimilt að nota hinn almenna þjóðfána, m.a. á umbúðir, sé vara sú sem á í hlut íslensk og fánanum ekki óvirðing gerð. Í 4. mgr. 12. gr. segir síðan að vara telst íslensk ef hún er:

*„a. framleidd hér á landi úr innlendu hráefni,
b. framleidd hér á landi úr innfluttu hráefni að hluta eða öllu leyti, enda hafi hún hlotið nægilega aðvinnslu hérlendis.“*

Í b. lið 5. mgr. 12. gr. segir þó um b-lið 4. mgr:

*„Þrátt fyrir b-lið 4. mgr. telst vara ekki íslensk ef hún er framleidd úr innfluttu hráefni sem telst vera einkennandi hluti vörunnar og er eðlislíkt:
a. búvöru, þ.m.t. afurðum eldisfiska, sem er ræktuð hér á landi [...]“*

3.

Reglur um upprunamerkingar matvæla eru í matvælalöggjöf sem heyrir ekki undir eftirlit Neytendastofu og koma því ekki til álita hér. Í þeim lögum sem Neytendastofa hefur eftirlit



með er ekki gerð almenn krafa um upprunamerkingar og gerir stofnunin ekki athugasemdir við sölu á innfluttri vöru, matvöru eða annarri. Varðar mál þetta framsetningu upplýsinga á umbúðum Stjórngríss og væntinga neytenda til hráefnisins á grundvelli þeirra upplýsinga, ásamt því hvort um ólögmetna notkun á þjóðfána Íslendinga hafi verið að ræða. Kemur þannig til álita hvort framsetning upplýsinga á umbúðum vörunnar hafi verið þess eðlis að birting þjóðfánans á umbúðum vörunnar hafi falið það í sér að neytendur mættu með réttu ætla að um íslenska vöru væri að ræða og framsetningin þ.a.l. villandi. Þó að félagið telji sig vera að ganga lengra en lög kveða á um bendir stofnunin á að ákveði fyrirtæki að auka upplýsingagjöf til neytenda þeim til hagsbóta, verður að gæta að því að upplýsingarnar séu ekki settar fram með villandi hætti eða séu beinlínis rangar.

Í svari félagsins, mótt. 8. maí 2023, kemur fram að vara félagsins sé unnin hér á landi og blönduð íslensku fersku nautakjöti og nautafitu sem nemi meira en 20%. Þá sé varan pökkuð, merkt og henni dreift hér á landi. Útlit umbúðanna er þannig að í neðra vinstra horni á framhlið umbúðanna að finna brot af einhverri hlið þjóðfánans þar sem finna má að því er virðist nákvæmt hlutfall af bláum, hvítum og rauðum eins og um sé að ræða enda á krossi þjóðfánans, ásamt bláum lit. Telur stofnunin það vera beina tilvísun til þjóðfána Íslendinga þrátt fyrir að aðeins sé notað brot úr honum og því er það mat stofnunarinnar að ákvæði laga nr. 34/1944 eigi við í málinu. Með vísan til orðalags a. liðar 5. mgr. 12. gr. laga nr. 34/1994 þykir stofnuninni ljóst að ef íslenskar nautaafurðir mynda aðeins rúmlega 20% af heildarinnihaldi hamborgara á móti þýsku nautakjöti sé skilyrði b. liðar 4. mgr. um að vara geti talist íslensk sé hún framleidd úr innfluttu hráefni og hafi hlotið næga aðvinnslu hér á landi ekki uppfyllt, enda er einkennandi hluti vöru Stjórngríss eðlislík búvöru sem er framleidd hér á landi, eins og a. liður 5. mgr. kveður á um. Á þeim grundvelli er það mat stofnunarinnar að þrátt fyrir þá aðvinnslu sem varan hefur hlotið hér á landi sé ekki til staðar heimild til að nota þjóðfána Íslendinga eða brot úr honum við markaðssetningu vörunnar.

Þá kemur til skoðunar hvort notkun brots úr þjóðfánanum hafi falið í sér viðskiptahætti sem gætu talist brot gegn 1. mgr. 8. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr. eða 2. mgr. sömu greinar, sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005. Eins og áður hefur verið greint frá var b. liður 1. mgr. 6. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og -ráðsins nr. 2005/29 innleiddur hér á landi sem téður b. liður 1. mgr. 9. gr. laga nr. 57/2005. Í ákvæði tilskipunarinnar er sérstaklega tekið fram að bannið varði villandi upplýsingar um m.a. landfræðilegan og viðskiptalegan uppruna auglýstrar vöru. Í máli þessu liggur fyrir að félagið notaði brot úr þjóðfána Íslendinga á framhlið umbúða sinna með áberandi hætti í neðra vinstra horni þeirra. Tilvísun félagsins til upprunalands vörunnar var á bakhlið umbúðanna innan um upplýsingar um heimilisfang félagsins og geymslu hitastig, og í sama letri og leturstærð. Eins og umbúðir félagsins eru uppsettar gefur framhlið þeirra til kynna að um vöru sé að ræða sem sé einungis unnin úr íslensku nautakjöti enda leiðir að mati Neytendastofu notkun á þjóðfánanum eða litum og/eða litasamsetningu sem veita hinum almenna neytanda þau hughrif að um þjóðfánann sé að ræða, til þess að neytendur megi ganga út frá því að varan sé íslensk. Við ákvörðun um kaup hefðu neytendur þ.a.l. réttilega mátt álykta sem svo að um íslenska vöru væru að ræða eða að minnsta kosti vöru þar sem erlent



nautakjöt væri ekki einkennandi hluti hennar og varan þ.a.l. framleidd úr íslensku nautakjöti. Þegar lagt er heildarmat á útlit umbúðanna og með hliðsjón af öllu framangreindu telur stofnunin að með því að hafa brot úr þjóðfána Íslendinga á áberandi stað á framhlið umbúða fyrir Smass borgara voru neytendum veittar rangar upplýsingar um helstu einkenni vörunnar í þeim tilgangi að hafa áhrif á ákvörðun þeirra um að eiga viðskipti. Þá kemur fram í 2. másl. 1. mgr. 8. gr. að viðskiptahættir sem brjóta í bága við ákvæði III. kafla laganna séu alltaf óréttmætir.

Með því að birta brot úr þjóðfána Íslendinga með áberandi hætti í neðra vinstra horni á framhlið umbúða fyrir Smass borgara hefur Stjórnugrís þ.a.l. brotið gegn 1. mgr. 8. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr. laga nr. 57/2005, ásamt 3. mgr., sbr. a. lið 5. mgr., 12. gr. laga nr. 34/1944.

Í svari frá félaginu kom m.a. fram að umbúðum hafi verið breytt þannig að yfir þjóðfána Íslendinga hefur nú verið límdur þýskur fáni. Með vísan til meðalhófsreglu 12. gr. stjórnáráðslagala nr. 37/1993 telur stofnunin því ekki tilefni til að grípa til sektarræðis í málinu.

Telur Neytendastofa rétt, með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, að banna Stjórnugrís hf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti.

III.

Ákvörðunarorð:

„Stjórnugrís hf., Vallá, 162 Reykjavík, er óheimilt að birta brot úr þjóðfána Íslendinga á umbúðir fyrir Smass borgara frá félaginu á grundvelli 3. mgr., sbr. a. lið 5. mgr., 12. gr. laga nr. 34/1944, um þjóðfána Íslendinga og ríkisskjaldarmerkið.

Stjórnugrís hf., Vallá, 162 Reykjavík, hefur með því að birta brot úr þjóðfána Íslendinga á umbúðum sínum fyrir Smass hamborgara brotið gegn ákvæðum 1. mgr. 8. gr. og b. lið 1. mgr. 9. gr., sbr. 5. gr., laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu.

Með vísan til 2. mgr. 21. gr. c. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, bannar Neytendastofa Stjórnugrís hf. að viðhafa framangreinda viðskiptahætti. Bannið tekur gildi frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 22. júní 2023

Þórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir